

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1060

Dagsetning: 4. mars 2025 klukkan 10:00

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Helgi Þorsteinsson (HP), Ingunn Sigurgeirsdóttir (IS), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 25. febrúar var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Þjónustukönnunin

Farið var yfir helstu niðurstöður úr þjónustukönnun ríkisstofnana, sem hefur verið í gangi á heilsugæslustöðvum HH frá því um miðjan nóvember 2024 og á Geðheilsumiðstöð barna frá 21. janúar. Allir sem sækja þjónustu á starfsstöðvarnar fá SMS með hlekk í könnun þar sem lagt er mat á gæði þjónustunnar. Almenn er mikil ánægja með þjónustu og viðmót starfsfólks. Minni ánægja er með hraða þjónustu, sem viðbúið er að snúist um bið eftir bókuðum tímum. Framkvæmdastjórn leggur áherslu á að halda áfram með könnunina til að sjá betur þróunina, bæði fyrir stofnunina í heild og fyrir einstakar einingar. Þá óskaði framkvæmdastjórn eftir því að Anna Sigríður Vernharðsdóttir, gæðastjóri HH, kynni niðurstöðurnar á næsta svæðisstjórafundi.

3. Mönnun í heilsugæslu

Rætt var um mönnun hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum. Samkvæmt yfirliti yfir mönnun og þörf vegna verkefna er nokkur munur á mönnun eftir stöðvum. Ákveðið var að taka saman sambærilegar upplýsingar um mönnun lækna til að skoða stöðu stöðvanna í víðara samhengi.

4. Vorpung Landssambands heilbrigðisstofnana

Rætt var um vorpung Landssambands heilbrigðisstofnana, sem haldið verður 29. og 30. apríl. Áhersla var lögð á að sem flestir fulltrúar úr framkvæmdastjórn reyni að komast á þingið.

5. Fjármögnun Upplýsingamiðstöðvar

Upplýst var um stöðu viðræðna við Sjúkratryggingar Íslands um fjármögnun Upplýsingamiðstöðvar HH og verkefni framundan tengt viðræðunum.

6. Kjarasamningar lækna

Rætt var um stöðuna í innleiðingu á kjarasamningi lækna hjá HH.

7. Heilsustyrkur

Farið var yfir uppfærðar verklagsreglur fyrir heilsustyrk fyrir starfsfólk. Framkvæmdastjórn samþykkti reglurnar.

Aðgerðir og verkefni

- Vinna þarf áfram úr þjónustukönnun ríkisstofnana og kynna niðurstöður á fundi svæðisstjóra, sjá lið 2.
Ábyrgð: ASV
- Vinna þarf yfirlit yfir mönnun lækna á heilsugæslustöðvum, sjá lið 3.
Ábyrgð: NSK
- Upplýsa þarf skipuleggjendur vorþings Landssambands heilbrigðisstofnunar um mætingu frá HH, sjá lið 4.
Ábyrgð: SDM
- Halda þarf áfram viðræðum við SÍ um fjármögnun Upplýsingamiðstöðvar, sjá lið 5.
Ábyrgð: SDM og HP
- Vinna þarf áfram að innleiðingu kjarasamnings lækna hjá HH, sjá lið 6.
Ábyrgð: SDM og NSK
- Kynna þarf uppfærðar verklagsreglur um heilsustyrk fyrir starfsfólk HH, sjá lið 7.
Ábyrgð: BJ

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 12:00